

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

JÖKULL

1150. tbl - 25. árg.

6. mars 2025



Há sjávarstaða í stórstreymi



Mikið hvasviðri var um land allt um síðastliðna helgi auk þess sem há sjávarstaða samfara stóstraumi og mikilli ölduhæð olli verulegum ágangi sjávar. Sjór gekk á land og olli talsverðu tjóni víða um land. Íbúar á Snæfellsnesi voru þó lausir við eignatjón en þó mátti finna grjót og sand víða á og í kringum vegi sem borist hafði

með öldugangi upp á land. Þá bástust einnig fiskar á land með öldugangi en á Malarrífi hafði fjöldi fiska skolast nokkra metra upp í fjöruna og lágu svo þar eftir að fjarði út. Sjávarstaða var há í höfnum á Snæfellsnesi eins og sjá má á meðfylgjandi mynd sem Sigurjón Hilmarsson tók við höfnina í Ólafsvík.

SJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Verkfalli Kennarasambands Íslands lokið

Kjaradeilu kennara, ríkis og sveitarfélaga lauk að kvöldi 25. febrúar og um leið lauk ótímabundnu verkfalli sem staðið hafði yfir í leikskólum Snæfellsbæjar og Fjölbautaskóla Snæfellinga. Undirritun samninga fór fram í Karphúsinu í Reykjavík og mun samningurinn gilda til til 31. mars 2028. Öll aðildarfélög Kennarasambands Íslands skrifuðu undir

samninginn.

Þann 4. mars kom svo í ljós að 92,85 prósent félagsfólks Kennarasambands Íslands samþykkti nýjan kjarasamning Kennarasambands Íslands við ríki og sveitarfélög. Kjörsókn var 76 prósent. Sex prósent sögðu nei og eitt prósent atkvæðaseðla voru auðir eða ógildir.

JJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinnsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Taflfélag Snæfellsbæjar hafnaði í 3. sæti

Síðastliðna helgi tók Taflfélag Snæfellsbæjar þátt í seinni umferð Íslandsmóts Taflfélaga sem fór fram í Rimaskóla í Reykjavík. Líkt og í fyrri umferðinni sem fór fram í október 2024 átti Taflfélag Snæfellsbæjar lið í 4. deild. Liðið í seinni hluta mótsins skipuðu Sigurður Scheving, Viðar Örn Traustason, Stefán Karvel Kjartansson, Gunnar Sigurðsson, Magnús Andrésson, Hrafn Arnarson, Birkir Leósson, Rögnvaldur Jónsson og Bjarne Nielsen. Liðið spilaði samanlagt 42 skákir og hafði sigur úr bítum í 28,5 af þeim. Eftir fyrri hluta mótsins sat Taflfélags Snæfellsbæjar í 5. sæti 4. deildar en eftir öfluga frammistöðu liðsins í seinni umferð mótsins endaði félagið í 3. sæti deildarinnar. Það er mikið afrek að ná 3. sæti í 28 liða riðli en Sigurður Scheving, formaður Taflfélags Snæfellsbæjar, segir samstöðuna og jákvæða áruna sem sveif yfir liðinu hafa hjálpað liðinu að ná þessum árangri.

SJ



Hlaupið yfir Jökulháls í júní

Skráning í Snæfellsjökulhlaupið er hafin en hlaupið verður haldið 21. júní næstkomandi. Þetta verður í fjórtánda skiptið sem fjöldi hlaupara fara 22 kílómetra leið yfir jökulhálsinn frá Arnarstapa til Ólafsvíkur. Í fyrra voru 304 keppendur sem tóku þátt í hlaupinu, fjöldi þátttakenda í ár verður takmarkaður við 350 manns. Undirbúningur er hafinn hjá keppnishöldurum enda að miklu að huga fyrir svona stóran viðburð. Að venju verða veitt verðlaun fyrir bestu tímana í hverjum flokki en einnig verða úrdráttarverðlaunin á sínum stað sem hafa slegið í gegn. Við hvetjum alla til að taka daginn frá enda mikið líf í

bænum á meðan keppni stendur. Skráning í hlaupið fer fram á vefsíðunni www.netskraning.is en henni lýkur að kvöldi sunnudagsins 15. júní.

JJ



Brösótt byrjun hjá Víkingi

Víkingur er í öðrum riðli í B deild karla í Lengjubikarnum ásamt Ægi, Víði, Augnablik, Ými og Árborg. Nú er liðið búið að spila þrjá leiki og ekki enn landað stigi. Sunnudaginn 23. febrúar spilaði Víkingur Ó. á móti Víði frá Garði og tapaði með 1 marki gegn engu. Nú um liðna helgi fór liðið á Akranes til þess að spila á móti liðinu Ægi sem er neðri deildarlið ÍA. Staðan í lok leiks var 3-1 fyrir Ægi en Ingvar Freyr Þorsteinsson skoraði mark Víkings Ó. Næsti leikur í Lengjubikarnum verður á Ólafsvíkurvelli á móti Árborg þann 15. mars næst-

komandi. Nú er komið í ljós að tveir leikmenn sem spiluðu með liðinu í fyrra verða ekki með aftur á þessu leiktímabili en það eru þeir Arnór Siggeirsson og Björn Axel Guðjónsson. Nokkrir leikmenn hafa skrifað undir samning og munu spila með liðinu í sumar en það eru þeir Björn Henryr Kristjánsson sem kemur frá KV, Björn Darri Ásmundsson sem kemur frá Kára og Björn Óli Snorrason en hann kom frá Reyni Hellissandi. Kristófer Áki Hlíason mun spila með liðinu út tímabilið en hann er á láni frá ÍA.

JJ

Skilafrestur í Jökul

Efni og auglýsingum í Jökul þarf að skila fyrir kl. 16, þriðjudag fyrir útgáfu.

Það er í lagi að skila fyrr.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

SJOPPAN
ÓLAFSVÍK

STEBBI OG EYFI

Tónleikar Félagsheimilinu Klifi
Skírdag fimmtudaginn 17. apríl kl. 21:00

Stebbi og Eyfi hafa í áraradír verið í fremsta flokki dægurlagaflýtjenda og höfunda. Þeir hafa sent frá sér perlu einsog UNDIR ÞÍNUM ÁHRIFUM, DRAUMUR UM NÍNU, ÞÚ FULLKOMNAR MIG, DANSKA LAGIÐ, LÍF, GÓÐA FERÐ, ÁLFHEIÐUR BJÖRK, ÉG LIFI Í DRAUMI, Í SÓL OG SUMARYL og svo mætti lengi telja. Á tónleikunum munu þeir flytja öll þessi lög og ótal fleiri til og spjalla á léttu nótunum við tónleikagesti.

Þó þeir félagar séu nú að mestu kunnir fyrir að gera allt rétt, þá munu þeir leitast við að gera allt vitlaust þetta kvöld! Þeim til fulltingis verður píanósningurinn Þórir Úlfarsson.

Fjölmargir tónleikagestir fá gefins ljúffeng páskaegg frá GÓU en dregið verður úr seldum aðgöngumiðum.

Forsala aðgöngumiða hefst föstudaginn 7. mars í Sjoppunni, Ólafsvík, sími: 436-1012

Miðaverð: kr. 6.500

Anton Jónas hlaut silfurverðlaun FÍT

FÍT verðlaunin 2025 voru haldin föstudaginn 28. febrúar í Grósku, Reykjavík. Er þetta árlegur viðburður á vegum Félags íslenskra teiknara þar sem keppt er um það besta í grafískri hönnun og myndlýsingum. FÍT verðlaunin eru stærstu fagverðlaun sinnar tegundar á Íslandi en hlutverk þeirra er að viðurkenna það sem skarar fram úr á þessu sviði.

Verkin sem vinna til verðlauna og viðurkenninga verða svo sýnd á veglegri sýningu sem undanfarin ár hefur verið haldin í tengslum við HönnunarMars.

Ólsarinn Anton Jónas Illugason hefur verið að gera það gott í heimi grafískrar hönnunar undanfarið en hann ásamt samstarfsfélögum hlaut silfurverðlaun í opnum flokki á FÍT verð-

launinum. Anton ásamt Símoni Viðarssyni og Kjartani Hreinssyni hlutu verðlaun fyrir starf sitt hjá hönnunarstofunni AJ-S við uppsetningu og hönnun á umhverfisskýrslu SFS 2024 fyrir Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi.

Endurgjöfin segir fallegt og vel hannað verk þar sem vel er hugað að smáatriðum og myndheimur fallegur. Þá segir dómnefndin

að róandi andrúmsloft leiki um verkið eins og lygn sjór.

Anton Jónas útskrifaðist frá Listaháskóla Íslands árið 2020 sem grafískur hönnuður, tók nýlega við formannsembætti Félags íslenskra teiknara og um áramótin stofnaði hann áður nefnda hönnunarstofuna AJ-S ásamt vini sínum, Símoni Viðarssyni.

SJ

FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Porrablót á Jaðri

Árlegt Þorrablót Jaðars var haldið 13. febrúar síðastliðinn. Sigrún Erla forstöðukona var kynnr kvöldsins og byrjaði kvöldið á að bjóða gesti og íbúa velkomna. Gerður og Steiney sungu svo tvö lög við undirspil Nönnu áður en matur var borinn fram. Anna Reyes sá um að elda ofan í mannskapinn og voru gestir himinlifandi með þorramatinn. Svanur Aðalsteinsson las minningar úr æsku sem þau systkinin höfðu sett niður á blað um móður sína hana Aldísi Stefánsdóttir. Eftir það sagði Svanur nokkra brandara sem slógu í gegn. Viktoría Kristín Guðbjartsdóttir og Styrmir Páll Sigurðarson lásu minni karla og minni kvenna áður en lögin Fósturlandsins Freyja og Táp og fjör voru sungin. Að borðhaldi loknu hélt hljómsveitin Parma uppi stuðinu. Starfsmenn, íbúar og aðstandendur dönsuðu og sungu fram eftir kvöldi



og var mikil ánægja með þennan skemmtilega árlega viðburð.



Vegna fréttar á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi

Samkvæmt frétt á heimasíðu Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi héldu þau fund með forsætisráðherra um neyðarástand í vegamálum á Vesturlandi þann 21. febrúar sl. og ber að fagna þessu frumkvæði sveitarfélaganna. Hins vegar sakna þess að hvergi er minnst á hið lélega fjarskiptasamband sem er veginum um Vatnaleið og hefur verið í mörg ár.

Árið 2010 stýrði ég, sem varðstjóri í lögreglunni á Snæfellsnesi, aðgerðum á slysavettvangi umferðarslyss á Vatnaleið, en á þeim vettvangi var símasambandslaust sem kom sér afar illa.

Ég minnst þess þegar Sturla Böðvarsson var samgöngumálarráðherra, og vann kraftaverk í

samgöngumálum á Vesturlandi, að hann talaði um fjarskipti sem samgöngumál. Fyrir nokkum dögum átti ég leið um Vatnaleið og fékk símtal á leið minn og þegar ég ók um þann stað sem slysið varð um árið rofnaði símasambandið skyndilega. Þannig að nú 15 árum síðar er enn símasambandsrof á Vatnaleið sem er óásættanlegt. Ég vil því hvetja forsvarsmenn sveitarfélaganna á Snæfellsnesi að koma þessum staðreyndum á framfæri við ráðherrann sem er nú við völd.




Með vinsemd og virðingu,

*Gísli Guðmundsson,
fyrirverandi lögregluvarðstjóri
á Snæfellsnesi*



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Rauða krossins í Snæfellsbæ
verður haldinn fimmtudaginn 13. mars 2025
kl. 20.00 í Átthagastofunni.

Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórn Rauða krossins Snæfellsbæ

Stebbi og Eyfi með tónleika í Klifi

Stefán Hilmarsson og Eyjólfur Kristjánsson eða Stebbi og Eyfi eins og flestir þekkja þá munu halda tónleika í Félagsheimilinu Klifi, Ólafsvík um páskana. Jökull heyrði aðeins í Eyfa varðandi þessa tónleika.

„Já, við Stebbi höfum ekki haldið tónleika saman í Ólafsvík í langan tíma og fannst einfaldlega vera kominn tími á það. Við förum venjulega á stjá um páskana og höfum ávallt verið fyrir norðan, en ákváðum að breyta aðeins til þetta árið og heimsækja fleiri landshluta. Við verðum vissulega á Akureyri, föstudaginn langa, en ætlum að slá upp tónleikum í Klifi, skírdag, 17. apríl. Við verðum svo í Borgarnesi laugardaginn fyrir páska, 19. apríl. Já, það er ansi

langt síðan við höldum tónleika í Ólafsvík og ætlum við svo sannarlega að bæta úr því og með okkur í för verður píanósnillingurinn Þórir Úlfarsson og ásamt því að flytja okkar þekktustu lög, munum við einnig í samstarfi við GÓU gefa fjöldanum öllum af tónleikagestum ljúffeng páskaegg, en það verður dregið úr seldum aðgöngumiðum. Þetta verður einnig eftirminnilegt kvöld fyrir í Klifi, því ég á afmæli þetta kvöld og hef heyrt því fleygt að Stebbi og Þórir píanóleikari ætli að heiðra mig með einhverju óvæntu atriði”

Forsala aðgöngumiða hefst föstudaginn 7. mars í Sjoppunni, Ólafsvík hjá Júnu og Jóa.



Almyrkvi á sólu 2026

Almyrkvi verður á sólu þann 12. ágúst árið 2026 og mun hann verða vel sýnilegur í Snæfellsbæ. Myrkvaslóðin liggur yfir vesturhluta landsins og verður almyrkvinn sérstaklega áberandi víða í Snæfellsbæ, lengst í 2 mínútur og 10 sekúndur. Almyrkvi á sólu er þegar tunglið gengur milli sólarinnar og jarðar og skyggir á sólu að fullu. Á meðan hverfur dagsbirtan tímabundið. Erfitt er að lýsa hughrifunum og upplifuninni á þessu stórkostlega náttúruundri en búast má við að fjöldi ferðamanna leggi sér leið til Snæ-

fellsbæjar til þess að verða vitni að viðburðinum. Snæfellsjökulþjóðgarður, Markaðsstofa Vesturlands, Svæðisgarður Snæfellsness, Snæfellsbær og Vegagerðin hafa þegar hafið undirbúning en eftir almyrkvann árið 2026 liggur almyrkvi næst yfir Íslandi árið 2196.

Á meðfylgjandi mynd sem fengin er af vefnum solmyrkvi2026.is sést hvar sólmyrkvinn mun sjást á landinu þann 12. ágúst á næsta ári.

JJ



Rómversk kaþólska krikjan og Frans páfi

Frans páfi liggur á sjúkráhusi og er þungt haldinn. Vatíkanið gefur ut upplýsingar um liðan Frans páfa. Páfinn er yfirmaður kirkjunnar. Hún er almenn og opinn öllum mönnum. Farið og gerið allar þjóðir að lærisveinum mínum. Kristnir menn hafa a öllum öldum reynt að feta im fótspor Jesu. En mennirnir eru ekki fullkomnir. Syndin er lævis og lípur. Eins og þar stendur. Kaþólskir menn eru nu 1.4 milljarður. Eðlilega eru páfar umdeildir. Áherslur þeirra eru umdeildir. Hvernig getur annað verið. Krikjan er byggð upp sem stigveldi. Presar Biskup. Kardinálar. Páfi. Vatikan bankinn sér um fjármál kirkjunnar og yfir þeim hvílir nokkur leynd. Nú í nokk-

uð lanan tíma hafa menn velt yfir ser hver gæti orðið efirmáður Frans páfa. Nokkuð stór hópur kemur til greina. Kaþólskir menn eru skipulaðir með ymsum hætti. Til eru bæði munkareglur og nunnureglur. Þær eru misstrangar. í Karmel klaustrinu í Hafnarfirði er mjög ströng regla. Nunnur settu mikinn svip a Stykkishólm um árabíl. Nokkur munur er a kennisetningum kaþólsku kirkjunnar og Þjóðkirkjunnar. Um það verður ekki fjallað hér. kaþólikkar um allan heim eru a einhvern hátt tengdir tilfinningaböndu við Páfa. Í krikjunni eru allir bræður og systur.

Hrafn Arnarsson

Auglýsingaverð í Jökli

Heilsíða	35.000 +vsk
Hálfsíða.	25.000 +vsk
1/4 úr síðu	15.323 +vsk
1/8 úr síðu	12.500 +vsk
1/16 úr síðu	10.081 +vsk

Konukvöld í Útgerðinni



Fyrirtækjaeigendurnir Hafrún Björnsdóttir hjá Pastel hárstofu, Margrét Eir Árnadóttir hjá Glóey snyrtistofu og Rut Ragnarsdóttir hjá Útgerðinni hafa staðið að árlegum konukvöldum og viðburðum í Útgerðinni á Helliðum um nokkurn tíma. Fastur liður í þessu er konukvöld fyrir sjálfan konudaginn þar sem konum í Snæfellsbæ og nágrenni gefst kostur á að koma saman í rólegri stund. Tilboð var á vörum, kynningar

og smakk. Vínstofan í Útgerðinni var opin og allar þær sem versluðu skráðu sig í pott fyrir happaðrætti. 10 heppnar konur voru svo dregnar út eftir kvöldið og hlutu veglegan glaðning. Mikíð líf og fjör var í Útgerðinni þetta kvöld á meðan konur versluðu, hlógu og nutu samverunnar. Á meðfylgjandi mynd eru skipuleggjendurnir þrír, Margrét Eir, Hafrún og Rut.

SJ

Uppbygging hjá Skotgrund

Mikil uppbygging er að eiga sér stað um þessar mundir hjá Skotgrund, Skotfélagi Snæfellsness. Nýlega fékk félagið útgefið leyfi fyrir vatnsveitu fyrir æfingasvæðið og verður það nú í fyrsta sinn sem iðkendur frá rennandi vatn um æfingasvæðið. Búið er að leggja vatn og frárennslislagnir innan svæðisins og í framhaldinu verður gert vatnsból sem verður tengt við lagnirnar. Þetta er stórt og kostnaðarsamt verkefni en Lionsklúbbur Grundarfjarðar styrkti félagið um 500.000 krónur. Skotgrund hlaut fyrir í vetur styrk frá Vinstri grænum í Grundarfirði sem gefinn var í minningu Ragnar Elbergssonar. Hljóðaði sá styrkur upp á 3 milljónir króna og var honum ætlað til rafvæðingar skotsvæðisins og eflingar félagsins. Í 14 ár hefur félagið barist fyrir rafvæðingu á svæðinu en það mun kosta að lágmarki 15 milljónir. Það er framtíðarsýn félagsins að hafa rennandi vatn og rafmagn á skotsvæðinu svo hægt sé



að halda úti öflugu íþróttastarfi fyrir börn og fullorðna allt árið um kring. Evrópumótið í PRS verður haldið á skotsvæði Skot-

grund í ágúst í samstarfi við PRS Ísland og er stefnan að vinna mikil í uppbyggingu á svæðinu fyrir þann tíma og bjóða þátttakend-

um uppá glæsilega aðstöðu með rennandi vatni, nýju félagsheimili og fleiri úrbótum.

SJ

**Jökull
á Issuu**



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér til hliðar með myndavélinni í símanum.

Blakdeild UMFG sigraði Vestra

Blakdeild Ungmennafélags Grundarfjarðar sótti Vestra heim til Ísafjarðar síðastliðna helgi þar sem liðin mættust í íþróttahúsinu á Torfnesi. Blakdeild UMFG kom heim með sigur eftir ferðalagið vestur en leikurinn fór 3-2 fyrir UMFG eftir fimm spilaðar hrynur. Þrátt fyrir að mótið hafi farið hægt af stað hjá liðinu með engum unnum leikjum í fyrri umferðinni hefur birt til og hafa öflugar konur liðsins unnið 3 leiki af 5 spiluðu í annarri umferð mótsins. UMFG situr í 6. sæti deildarinnar og einn leikur er eftir af mótinu þar sem þær munu heimsækja Álftanes þann 21. mars. Efstu liðin í deildinni mætast svo í úrslitum helgina 28. til 30 mars þar sem kemur í ljós hvaða lið taka efstu fjögur sætin í deildinni.

SJ



Gjaldskrá

tjaldsvæða Snæfellsbæjar fyrir árið 2025

Gildir frá 1. janúar 2025

Gisting:

Almennt gjald.....	2.000 kr.
Börn, 0-13 ára.....	Frítt
Börn, 14-16 ára.....	500 kr.
- frítt fyrir börn í fylgd með foreldrum/forráðamönnum	
Ellilífeyrisþegar (65+) og öryrkjar.....	1.500 kr.

Tilboð:

Fyrsta nóttin.....	2.000 kr.
Önnur nóttin.....	1.700 kr.
Þriðja nóttin.....	1.700 kr.
Fjórdá nóttin.....	1.300 kr.

Annað:

Rafmagn pr. dag.....	1.000 kr.
----------------------	-----------

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 5. desember 2024. Tekur gjaldskrá þessi gildi þann 1. janúar 2025 og frá sama tíma fellur niður gjaldskrá fyrir tjaldsvæði Snæfellsbæjar sem gilt hefur frá 1. janúar 2024.

Snæfellsbær, 5. desember 2024

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

